



Skýrsla um innra mat 2022 - 2023

FELLASKÓLA VOR 2023

Anna Birna Einarsdóttir
Helena Rós Einarsdóttir
Kristjana Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Innra mat.....	3
Starfsáætlun – skipulag, verkferlar og stoðþjónusta	4
Yngsta stig	5
Miðstig	5
Unglingastig.....	6
Stoðþjónusta	6
Umbóta og þróunarstarf í Fellaskóla – áherslur og markmið 2022 – 2023	7
Teymiskennsla/teymisvinna.....	7
Námsmat.....	9
Starfsþróun og símenntun kennara	9
Starfsþróun og endurmenntun í Fellaskóla 2022 – 2023.....	10
Morgunverðarfundur með skólaráði – innleiðingarvinna á barnasáttmálanum	11
Skólaráð	13
Mat á skólastarfinu, líðan nemenda	14
Starfsmannakönnun grunnskóla 2023	17
Foreldrakönnun grunnskóla 2023	19
Skólapúlsinn, 6.-10. bekkur.....	22
Mannauður	25
Nám og kennsla.....	26
Námsmat.....	27
Samstarf við aðra skóla	28
Grunnskólinn á Borgarfirði eystra.....	28
Náttúruskólinn	28
Leikskólinn Hádegishöfði	29
BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi.	29
Skýrslur teyma að loknu skólaári 2022 - 2023	29
yngsta stig, 1. – 4. bekkur	29
Miðstig 5. – 7. bekkur.....	33
Unglingastig, 8. – 10. bekkur.....	36

Inngangur

Innra mat er fagleg ígrundun, gagnasöfnun og greining á gögnum um skólastarfið í þeim tilgangi að leggja mat á hversu vel hefur tekist að ná þeim markmiðum sem skólastarf byggir á samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og námskrá skólans.

Megin spurningar í innra mati eru; Hversu vel stöndum við okkur, Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta? Markmiðið með innra mati er að bæta nám nemenda, verða sterkari skóli, efla fagmennsku kennara og bæta námsárangur nemenda.

Fellaskóli er grunnskóli fyrir börn í 1. – 10. bekk. Hann er einn af fimm grunnskólum í sameinuðu sveitafélagi Múlaþingi sem saman stendur af Borgarfirði eystra, Djúpvogi, Egilsstöðum, Fellabæ, Jökulsárhlið og Seyðisfirði. Grunnskólinn á Borgarfirði eystra er rekinn sem deild undir Fellaskóla og nemendur þar stunda nám í Fellaskóla einn dag í viku. Fellaskóli starfar samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008.

Frá skólaárinu 2019 – 2020 starfa kennarar og annað starfsfólk skólans í teyllum. Þannig er stundatafla hvers teymis fyrir sig samfelld og eins þannig að auðvelt er að blanda upp hópum þvert á árganga innan hvers teymis. Í hverju teymi starfa umsjónarkennarar og þeir sem koma að nemendum s.s. sérkennarar, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúar.

Kennslan í skólanum tekur mið af viðmiðunarstundaskrá en mismunandi áherslur eru á stigunum. Séráherslur skólans eru útinám og útikennsla á yngsta – og miðstigi. Einnig samþætting bóklegra greina við list- og verkgreinar. Á miðstigi er lögð áhersla á að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda og til að styðja við það fer námið fram í ákveðnum lotum þar sem nemendur geta ákveðið sjálfir hvaða námsgrein þeir leggja áherslu á hverju sinni í lotunum, útfærslum á verkefnum sínum og fl. Á yngsta stigi er lögð áhersla á sjálfstæði og ábyrg vinnubrögð þar sem nemendur hafa val um hvað þeir vinna með, hvernig þeir skila vinnunni og í hverju þeir grúska lungan úr skóladeginum.

Skólaárið 2022 – 2023 voru 84 nemendur í Fellaskóla og kynjahlutfall mjög jafnt. Það voru 27 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum.

Á Borgarfirði eystra voru fjórir nemendur og þrír kennarar. Fjóra daga vikunnar sækja þau námið í grunnskólanum á Borgarfirði og einn dag í viku koma kennarar og nemendur í Fellaskóla.

Anna Birna Einarsdóttir, Helena Rós Einarsdóttir og Kristjana Sigurðardóttir söfnuðu saman upplýsingum og settu saman í ársskýrslu um innra mat vorið 2023.

Í þessari skýrslu verður sagt frá söfnun gagna og helstu niðurstöðum innra mats út frá viðmiðunartöflu um innra mat skólans árið 2022 – 2023.

Innra mat

Viðfangsefni innra mats skólaárið 2022-2023 voru starfsáætlun, nám og námsárangur, starfsfólk, líðan og starfsandi og umbótaáætlun og þróunarstarf.

Hér má sjá þau viðfangsefni sem Fellaskóli hefur til viðmiðunar í innra mati skólans.

Viðfangsefni sjálfsmats Fellaskóla	2020 - 2021	2021 - 2022	2022 - 2023	2023 - 2024	2024 - 2025	2025 - 2026
Skólanámskrá, t.d. stefna, markmið, inntak, nám og námsmat	X		X		X	
Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta	X	X	X	X	X	X
Nám og námsárangur	X	X	X	X	X	X
Nemendur t.d. líðan, starfsandi og samstarf	X		X		X	
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf	X	X	X			X
Stjórnun	X		X		X	
Viðmót og menning skóla					X	
Aðbúnaður			X			X
Umbótaáætlun/ þróunarstarf	X	X	X			X

Starfsáætlun – skipulag, verkferlar og stoðþjónusta

Í Fellaskóla er samkenndsla árganga. Það hefur löngum verið með þeim hætti í sumum árgöngum en öðrum ekki. Það hefur ráðist af misjöfnum stærðum árganga.

Frá skólaárinu 2021 - 2022 verða allir árgangar í blönduðum lotuverkefnum í hverri viku. Kennslufyrirkomulagið er með þeim hætti að kennt er á yngsta stigi (1. – 4. bekk), miðstigi (5. – 7. bekk) og unglíngastigi 8. – 10. bekk. Útfærslurnar á stigunum eru með mismunandi hætti. En það eru líka samkennsluhópar á hverju stigi s.s. 2. og 4. bekkur á yngsta stigi, 5. og 6. á miðstigi og 8. og 9. á unglíngastigi.

Á hverju stigi starfa kennarar og annað fagfólk saman í teyminum. Teymin skipuleggja í sameiningu vinnuna sem fram fer á stigunum.

Á yngsta stigi er námið skipulagt út frá aðferðum Byrjendalæsis og nemendum blandað upp í mismunandi hópa þvert á árganga í fjölbreyttum stöðvaverkefnum. Þar eru 1. og 3. bekkur samkennsluhópar en ekki 2. og 4. bekkur.

Á miðstigi er nemendum skipt í tvo umsjónarhópa þar sem 5. og 6. bekkur eru samkennsluhópur og 7. bekkur einn hópur. Þar er lögð áhersla á útikennslu og útinám. Þar er námið skipulagt í lotum út frá þeim að hluta til en einnig tímar í töflu í ákveðnum námsgreinum. Í lotuverkefnum vinnur allt miðstig saman eða hópnum er skipt upp í minni hópa þvert á árgang. Á miðstigi er lögð áhersla á samræðu og ígrundun sem mikilvæga kennsluáðferð.

Á unglíngastigi er nemendum skipt niður í tvo umsjónarhópa, samkennsla í 8. – 9. bekk og 10. bekkur sér. Nám á unglíngastigi er skipulagt í lotum sem vara í ákveðinn tíma. Í lotunum er leitast við að samþætta námsgreinar og gefa nemendum svigrúm til þess að axla meiri ábyrgð á eigin námi. En á unglíngastigi eru einnig kennslustundir með ákveðnum námsgreinum s.s. stærðfræði, enska og íslenska.

Við skipulag kennslu er horft til þess að nemendur eru á hverjum tíma mislangt komin á mismunandi sviðum þroska. Nemendur hafa einnig mismunandi styrkleika, áhugasvið og getu. Námi og öðru starfi skólans er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemandans út frá forsendum og hæfileikum hvers og eins. Skólastarfið miðast við að stuðla jafnt að tilfinningalegum og félagslegum þroska sem og vitsmunalegum.

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum. Þannig fer hvert skólastig fyrir sig allt á sama tíma í list- og verkgreinar og er í ákveðinn tíma í hverri námsgrein fyrir sig. Stigunum er skipt niður í fjóra blandaða hópa þvert á árganga. Hver hópur er í 7 vikur í einni list – eða verkgrein og rúllar þannig frá einni list – og verkgrein yfir í aðra. List- og verkgreinarnar eru fjórar, myndmennt, heimilisfræði, smíði og textílmennnt. List- og verkgreinar eru í nánú samstarfi við umsjónarkennara og þannig vinna nemendur verkefni í list- og verkgreinum m.a. sem tengjast eða eru hluti af þeim stiganna hverju sinni.

Í vetur verður lögð áhersla á eftirfarandi þætti á öllum stigum í Fellaskóla:

- Efla og styrkja sjálfstæði nemenda í námi
- Gefa nemendum tækifæri til að kafa dýpra í viðfangsefnið – læra meira
- Gefa öllum nemendum tækifæri til að læra með þeim hætti sem þeim lætur best (fjölgreindir)
- Gera námið og námsumhverfið opið, hvetjandi og skapandi
- Hafa meiri samfellu í námi nemenda og vinnulotum
- Gefa nemendum tækifæri til að vinna saman þvert á skilgreinda bekk.

Öll þessi markmið vinna saman með einum eða öðrum hætti. Og þegar við horfum á þær leiðir sem farnar hafa verið í vetur til að vinna að ofan töldum markmiðum má sjá að hver leið kemur inn á flest markmiðin.

Yngsta stig

Til að efla og styrkja sjálfstæði nemenda í námi fóru kennarar stiga (yngsta, mið og unglingastig) mismunandi leiðir.

Í fyrsta og þriðja bekk er samkenntsla. Þar unnu nemendur markvisst með dagbók þar sem þeir skráðu niður í lok hverrar viku hvernig þeim þótti frammistaða sín vera í verkefnum vikunnar. Hvað vakti áhuga þeirra, hvert var þeirra framlag í hópaverkefnum, hvað ætla þeir að gera betur í næstu viku og fl. Þetta var vinna sem opnaði augu þeirra fyrir ábyrgð þeirra á eigin námi og vellíðan í skólanum. Þessi vinna efldi þau sem einstaklinga og einnig námsmenn.

Á yngsta stigi voru námslotur nemenda skipulagðar á grunni Byrjendalæsis sem Fellaskóli starfar eftir þar sem nemendur taka þátt í að tengja grunntexta, lykilorðavinna, sundur greinandi vinnu og enduruppbyggjandi vinnu við námsgreinar, heimsmarkmið og einkunnarorð skólans. Unnið var eftir þremur leiðum; rannsóknarvinna sem unnin var út frá spurningum nemenda, nemendastýrðar áhugasviðsnotur og lotum sem kennarar skipulögðu með flæðandi stöðvum og svo stýrðri hringekjuvinna. Við störfum einnig eftir kenningum um leiðsagnarnám þar sem við höfum verið í þróunarvinna síðustu tvö ár.

Miðstig

Skólaveturinn skiptist í lotur sem skiptast á að vera hefðbundnar lotur og samþættrar lotur. Í hefðbundinni lotu er áhersla á hverja námsgrein fyrir sig; innlagnir, stigvaxandi sjálfsábyrgð nemandans í að vinna eftir áætlun og aukin áhersla á skipulagningu eigin verka. Í samþættri lotu er áhersla á samþættingu margra námsgreina út frá einu viðfangsefni þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin með margs konar námsefni og mismunandi nálgun eftir því hvernig viðfangsefnið tengist hinum ýmsu námsgreinum. Enn fremur er leitast við að tengja viðfangsefni áherslum skólans sem eru **siðvit**, **bókvit** og **verkvit**. Í upphafi hverrar samþættrar lotu fá nemendur upplýsingar um hvaða grunnmarkmið eru tengd við vinnu lotunnar.

Unglingastig

Á unglíngastigi er námið skipulagt í lotum þar sem viðfangsefnið kallar á samþætta vinnu námsgreina. Loturnar eru mislangar, þær hafa eitthvað yfirheiti/ þema og verkefni innan lotunnar krefjast vinnu úr flestum námsgreinum. Nemendur fá lotuskipulag í byrjun hvers lotu og þeir geta valið í hvaða námsgrein þeir vinna í lotutímum sem eru á hverjum degi. Í lotuskipulaginu eru námsmarkmiðin skilgreind, tímaáætlun og verkefnaskil eru afmörkuð. Þannig hafa nemendur yfirsýn yfir vinnuna sem þeir eiga fyrir höndum næstu vikur og eru einnig meðvitaðir um eigin ábyrgð, frammistöðu og hafa val.

Á unglíngastig vinna nemendur einnig lokaverkefni sem þeir velja sjálfir út frá sínum hugðarefnum og skila af sér í þeim búningi sem þeir kjósa. Foreldrum er boðið að skoða afrakstur vinnunnar og það hefur mjög hvetjandi áhrif á alla.

Stoðþjónusta

Skólaárið 2022 – 2023 heldur Helena Rós Einarsdóttir utan um og leiðir ákveðin verkefni innan stoðþjónustu skólans. Nafni Sérkennslustjóra var breytt í verkefnastjóri stoðþjónustu og hennar helstu verkefni eru að vinna í nánu samstarfi við Félagsþjónustu sveitafélagsins varðandi greiningar, skimanir, samskipti við foreldra og nemendur sem þurfa á aukinni þjónustu að halda frá skólanum eða félagsþjónustu. Undir hennar verkstjórn falla einnig nemendaráðsfundir, fundir með ALL teymi sveitafélagsins og öðrum sérfræðingum sem koma að þjónustu við nemendur.

Verkefnastjóri stoðþjónustu er einnig í nánu samstarfi við umsjónarkennara og aðra fagmenn skólans. Að vori er haldinn fundur með teymlum þar sem horft er yfir farinn veg og stuðningur við nemendur og kennara metinn út frá stöðu nemenda og almennu gengi yfir veturinn. Út frá niðurstöðum þess fundar meta skólastjóri og verkefnastjóri stoðþjónustu stuðningsþörf næsta skólaárs.

Samkvæmt lögum eiga allir nemendur kost á að stunda nám í sínum heimaskóla án aðgreiningar. Þannig teljum við mikilvægt að skólinn nálgist nemendur út frá þeirra forsendum og námið taki mið af þörfum, áhuga og getu nemenda hverju sinni. Fellaskóli er fámennur skóli og hefur því svigrúm til að bjóða uppá einstaklingsmiðað nám í öllum árgöngum. Við leggjum áherslu á að nemendur geti stundað námið sitt samhliða skólasystkinum en séu ekki teknir út í sértíma nema rík ástæða sé til þess. Kennarar starfa í teymlum og stuðningur frá þroskaþjálfra, sérkennurum og stuðningsfulltrúum er inni í kennslustundum allra nemenda. Þannig fá allir þjónustu við hæfi. Út frá niðurstöðum Læsissskimana og annarra greiningargagna er nám einstaklinga aðlagð. Í teymi yngsta stigs eru auk kennara sérkennari og stuðningsfulltrúar, á unglíngastigi er þroskaþjálfari auk kennara og á miðstigi eru stuðningsfulltrúar auk kennara. Verkefnastjóri stoðþjónustu hefur í samstarfi við aðra sem sinna stoðþjónustu, umsjónarkennara og skólastjóra umsjón með einstaklingsnámskrám og stuðningsúræðum.

Árið 2023 hófst innleiðing á velferðarlögum Félags- og barnamálaráðuneytis. Velferðarlögunum er ætlað að stuðla að velferð og farsæld barna í barnvænu, heilsueflandi og valdeflandi samfélagi. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Vinna við að innleiða þessi lög kemur inn á borð skólanna þar sem markmiðið er að færa þjónustuna nær þeim sem á henni þurfa að halda og einnig grípa strax inn í aðstæður ef þarf með þeim úrræðum sem skólinn hefur yfir að ráða og samvinnu við þær fagstofnanir sem kalla þarf að borðinu ef skólinn einn og sér ræður ekki við verkefnin. Allt er þetta hugsað út frá velferð barna og fjölskyldna. Verkefnastjóri stoðþjónustu hefur haldið um taumana hjá okkur í þessari innleiðingavinnu og hún mun verða tengiliður farsældarþjónustu.

Umbóta og þróunarstarf í Fellaskóla – áherslur og markmið 2022 – 2023

Skólaárið 2022-2023 var unnin þróunarvinna með Leiðsagnarnám. Að auki unnum við áfram með þróun á teymiskennslu/ vinnu, námsmat og lotuskipulag.

Teymiskennsla/teymisvinna

Í teymiskennslu er gengið út frá því að kennarar beri sameiginlega ábyrgð á nemendahópum og vinni saman að undirbúningi náms, kennslu og námsmati. Litið er á kennara, stuðningsfulltrúa, sérkennara, þroskabjálfa sem teymi ákveðins stigs.

Í vetur vinna ákveðnir hópar fagfólks að því að þróa teymisvinnu hjá sér og nemendum á þremur stigum. Þannig vinnur ákveðinn hópur fagfólks með yngsta stig (1.-4. bekkur), annar hópur fagfólks vinnur í teymi að skipulagi og kennslu nemenda á miðstigi (5.-7. bekkur) og þriðji hópur fagfólks vinnur í teymi á unglingsstigi.

Ákveðið var að fara í samkennslu með öll stigin en hingað til hafa sumir árgangar verið í samkennslu en aðrir ekki. Árgangarnir eru misstórir og því kemur best út að kenna stigunum saman á mismunandi hátt s.s. með þemaverkefnum, í lotubundinni kennslu, í útikennslu og útinámi, samkennslu og samþættingu námsgreina. Þannig verður farið í að þróa með markvissum hætti teymisvinnu og teymiskennslu þar sem litið verður á hvert stig (yngsta, mið-og unglingsstigi) sem eina heild. Kennarar læra saman og bera sameiginlega ábyrgð á að mæta mismunandi þörfum nemenda.

Hvert stig hefur haft svigrúm til að skipuleggja kennsluna með mismunandi hætti. Þó liggur rauður þráður í gegn um öll stig – þ.e. sömu markmið liggja til grundvallar umbóta- og þróunarstarfinu á öllum stigum.

Á yngsta stigi eru nemendur árganga hjá umsjónarkennara nema 1. og 3. bekkur er þar í samkennslu. Þar eru nemendur 13,5 kennslustundir (hér eftir kest.) þvert á árganga í þema- og lotubundnum verkefnum. Nemendum er skipt niður í fjóra hópa í list- og verkgreinum og þar fá nemendur 7,5 kest. á viku.

Á miðstigi (5.-7. bekk) er þremur árgöngum skipt niður í tvo hópa. En í stað þess að blanda öllum þremur árgöngunum þvert á aldur voru 5. og 6. bekkur samkennsluhópur og 7. bekkur var umsjónarbekkur. Þar eru nemendur í þemabundnum samþættum verkefnum að hluta en bóklegu námi á móti. Nemendur eru 6 kest. á viku í list- og verkgreinum.

Á unglíngastigi er nemendum skipt niður í tvo hópa, 8. og 9. bekkur eru samkennslu umsjónarhópur og 10. bekkur umsjónarhópur. Þar er kennt í lotum og nemendur fá lotuskipulag fyrir misjafnlega langan tíma þar sem allar námsgreinar eru undir. Á unglíngastigi eru 3. kest. í list- og verkgreinum á viku – 5 kest á viku í valgreinar (metið val og kennt í skóla).

Allir árgangar eru í blönduðum hópum þvert á árganga í list- og verkgreinum og íþróttum.

Markmið með teymiskennslu (rauði þráðurinn)

- Að skapa heildstæðara nám og námstækifæri fyrir nemendur
- Að efla fjölbreytni í kennsluháttum
- Efla og styrkja samvinnu og samskipti nemenda
- Efla sjálfstæði og sjálfsábyrgð nemenda í eigin námi
- Valdefla nemendur - þeir hafi meira að segja með sitt eigið nám
- Auka það að vinna nemenda stýrist af markmiðum aðalnámskrár í stað vinnubóka
- Efla og styrkja samvinnu fagfólks í skólanum

Skólaárið 2021 - 2022 voru nemendur í umsjónarhópum þvert á árganga en þegar gerð var skoðun á upplifun nemenda og kennara eftir síðasta skólaár kom í ljós að nemendur söknuðu þess að tilheyra ekki bekknum sínum og þeir kusu einnig að eiga ákveðna umsjónarstofu.

Kennurum þótti mikil vinna að setja sig inn í allar námsgreinar það sem þær voru allar undir í námslotunum svo farin var þá leið í vetur að hver og einn kennari væri eyrnamerkur ákveðnum námsgreinum og bæri þá ábyrgð á að þar væri námsmarkmiðum fullnægt.

Skólaárið 2022 – 2023 kenndu kennarar ákveðnar námsgreinar á unglíngastigi og nemendur voru í umsjónarbekkjum, 8. og 9. bekkur í samkennslu og 10. bekkur sér. Teymisvinna kennara var lítil sem engin og samþætting námsgreina lítil.

Skólaárið 2023 – 2024 verður unglíngastiginu skipt niður í tvo umsjónarhópa þvert á árganga, námsloturnar vara yfir ákveðinn tíma, lotutímar verða fleiri þar sem nemendur ákveða í hvaða námsgrein þeir vinna og kennarar eru fleiri í slíkum kennslustundum þannig að allir geti fengið aðstoð í því sem þeir velja að vinna í. Valfrelsi nemenda aukið og þá um leið krafa um námsskipulag og ábyrgð.

Námsmat

Áhersla hefur verið lögð á leiðsagnarmat í vetur og kennarar settið fyrirlestra frá Háskólanum á Akureyri auk þess að lesa bók Nönnu Christiansen; "Leiðsagnarnám. Hvers vegna, hvernig, hvað?".

Mikil vinna hefur átt sér stað við að færa námsmat inn á Námfús og auka sýnileika þess bæði gagnvart nemendum og foreldrum, með það að markmiði að kennarar merki við hæfniviðmið úr skólanámskrá jafnt og þétt svo hægt sé að fylgjast með framförum nemenda og sjá hvort breyta þurfi áherslum til að mæta markmiðum jafnóðum. Með þessu fyrirkomulagi yrði upplýsingagjöf til foreldra einnig meiri, en þeir gætu fylgst með gengi barna sinna jafnóðum á Námfús.is.

Skólanámskrá er nú tilbúin og komin á heimasíðu skólans, en námsmatið tekur mið af kröfum aðalnámskrár grunnskóla 2013. Metið er út frá lykilhæfni og hæfniviðmiðum námssviða. Á mið- og unglingastigi fá nemendur bókstafi (A, B+, B, C+, C, D) sem segja til um hvernig gengur að ná viðmiðum, en á yngsta stigi fá nemendur orð (framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð) sem segja til um gang mála.

Ákveðið var að foreldrasamtöl á haustönn væru nemendastýrð, foreldrasamtöl á miðönn snúi að líðan, samskiptum, markmiðum og vinnulagi nemenda og vitnisburður á vorönn sýni hvar nemendur eru staddir í námsmarkmiðum vetrarins.

Leiðir til starfsþróunar;

- Teymin læra saman og þróa starfshætti sína með sameiginlegri vinnu
- Fræðsla og faglegar umræður á kennarafundum og teymisfundum
- Námskeið, ýmist sameiginleg eða námskeið sem kennarar/starfsmenn sækja sjálfir
- Lestur og kynningar fyrir aðra starfsmenn
- Lærdómshópar myndaðir um ákveðna þætti

Það hafa verið leiðtogar í leiðsagnarnáminu á hverju stigi og þeir hafa settið fundi með HA í vetur, þeir hafa einnig verið duglegir að framkvæma og innleiða í sinni kennslu aðferðir og verkefni úr leiðsagnarnáminu. Það gengur hins vegar hægar að fá aðra kennara með í þá vinnu og það þarf að finna leiðir til þess á næsta skólaári.

Starfsþróun og símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/starfsþróunaráætlun sem lögð er fram á hverju starfsári. Skólaárið 2021-2022 var lögð áhersla á teymisvinnu og teymiskennslu, lotubundið skipulag, leiðsagnarmat og námsmat.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á meðalári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem er hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- Þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér.
- Þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við sig nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skólans. Kennurum er skylt að fara á námskeið samkvæmt starfsþróunaráætlun skólans ef hún er gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og kennurum að kostnaðarlausu.

Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra (handbók um kjarasamninga bls. 34).

Leiðir til að sinna starfsþróun:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (það telst ekki sem hluti af 102 tímum sem skráist sem símennt)
- Umbóta og þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar
- Sjálfsnám, lestur, myndbönd o.fl.

Starfsþróun og endurmenntun í Fellaskóla 2022 – 2023

Á þessu skólaári héldum við áfram í leiðsagnarnámi frá HA. Það voru þrjú leiðtogar, einn á hverju stigi. Kennarar og nemendur á yngsta stigi unnu í verkefnum, lotum og skipulagi með markvissum starfendarannsóknum og afraksturinn af þeirri vinnu í vetur liggur til grundvallar skipulagi náms á yngsta stig skólaárið 2023 - 2024.

Haustið 2023 fóru fjórir kennarar af yngsta stigi á Námsstefnu Háskólans á Akureyri í Byrjendalæsi. Þar var höfuðáhersla lögð á ritun.

Skólaárið 2022 - 2023

<u>Haustönn</u> Kennarar og stjórnendur	Lögð var áhersla á. Leiðsagnarnám undir handleiðslu HA Kennarar á yngsta stigi fóru á Námsstefnu HA í Byrjendalæsi um ritun
<u>Vorönn</u> Kennarar og stjórnendur	Leiðsagnarnám

	<p>Starfendarannsókn kennarateymis á yngsta stigi á námslotum, valverkefnum nemenda, skipulagi lotukennslu, vali nemenda um skil á verkefnum og fl.</p> <p>Fræðsla um Grænfána verkefni og Grænfánaskóla</p> <p>Kennsluráðgjöf í upplýsingartækni – Bergmann og Hans Rúnar</p>
--	--

Morgunverðarfundur með skólaráði – innleiðingarvinna á barnasáttmálanum

Á þessu skólaári hóf sveitafélagið innleiðingarvinnu á barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Í kjölfarið ákvað skólaráð að kanna hug nemenda og foreldra á morgunverðarfundum í febrúar þar sem boðið var uppá hafragraut og spjall. Búið var að dreifa blöðum með eftirfarandi spurningum á borðin og foreldrar og börn ígrunduðu spurningarnar saman.

Niðurstöður frá hugstormun þátttakenda á morgunverðarfundum skólaráðs í febrúar 2023

Hvernig geta skólarnir styrkt samskipti, líðan og aðstæður barna í sveitarfélaginu skv. greinum Barnasáttmálans Sameinuðu þjóðanna?

- Þjóða upp á góðan mat fyrir alla, líka fyrir börn með sérþarfir, óþol, grænmetisætur.
- Þjóða upp á ókeypis mat
- regluleg spilastund => samskipt
- einstaklingsmiðað ná
- Grænfánaskóli – Aðrir skólar í sveitarfélaginu eru grænfánaskólar. – samvinna fyrir umhverfið, en að höfðu samráði við nemendur til samræmis við 12.grein um virðingu fyrir skoðunum barna.
- Hugsa út fyrir rammann og leyfa hverju og einu barni að blómstra í gegnum þeirra styrkleika.
- Fræðsla um fjölbreytileikann, hefur mikið verið í gegnum Nýung en ekki allir mæta þangað
- meiri útivera
- Gera fleira til að brjóta upp daginn.
- Til dæmis með svona fundum
- Ekki öskra á börnin
- Með leiðtoga ráði
- Með góðum samskiptum á milli aldurstiga í skólanum
- Hlusta á börnin.
- Hlúa að skynjun, t.d. með lýsingu, rólegum rýmum, hljóðvist o.s.frv.
- hvíld/slökun daglega
- næring – t.d. hafragrautur í boði á morgnana
- Gefið okkur meira að borða og kaffi inn í allar stofur + gos.
- Banna kennurum að borða fyrir framan okkur í tíma, því það lætur okkur líða illa andlega.
- Fá nammi.
- Fleiri íþróttatímar
- Huga vel að börnum sem standa illa félagslega.
- Auka fræðslu og forvarnir gegn einelti.
- Fá forvarnarfulltrúa.
- Auka samstarf á milli skóla, íþróttafélaga og félagsmiðstöðva, sérstaklega á unglingsstigi, svo auðveldara sé að fylgjast með hvað er að gerast innan samfélags þeirra.
- Kenna börnum betri samskipti, t.d. í gegnum félagsfærnisögur svo að börn verði síður útundan.
- skólasamkomur á fótboltavellinum
- Allur skólinn hittist og borðar saman.

- Skólarnir ættu að hafa kennslu um Barnasáttmálann.
- Ræða vel um inntak Barnasáttmálans.
- Hafa þemaviku eða daga þar sem hver grein BS er tekin fyrir.
- Efla nemendalýðræði.
- Vera Grænánaskóli: valdefling nemenda, gefur nemendum rödd og tækifæri til aðgerða, eflir getu til aðgerða og minnkar hugsanlegan loftslagskvíða.
- Fá gesti í heimsókn til að fræða um það sem hæst ber hverju sinni, t.d. hatursorðræðu, stríðið í Úkraínu o.s.frv.

Hvernig geta heimilin styrkt samskipti, líðan og aðstæður barna í sveitarfélaginu skv. greinum Barnasáttmálans Sameinuðu Þjóðanna?

- Spila með fjölskyldunni.
- Hjálpa til með heimavinnu barnanna.
- Passa að allir fái nægilega svefn.
- Ekki vinna of mikið, auka samveru.
- Tileinka sér hugsunarhátt Haraldar í Ueno og tekið meira frumkvæði að því að bæta eitt og annað, því einstaklingar geta haft mikil áhrif til góðs.
- Hafa 3.greinina að leiðarljósi og gefa sér tíma og rými til að sinna börnunum.
- Vera virk þegar kemur að félagsstörfum í kringum félög og klúbba barnanna, t.d. stjórnir og fundir á vegum íþróttafélaga, foreldrafélög skólanna, mæta í opið hús. – Þar tengjast fyrirtækin inn í – þurfa að gefa sveigjanleika til að foreldrar geti mætt/sinnt.
- Fleiri letidaga
- Vera meira saman.
- Vera virkir þátttakendur í því sem snýr að börnunum – skólanum, tómstundum o.fl.
- Ekki selja börnin. (og ekki kaupa heldur)
- Hlusta á börnin.
- Næring og hvíld
- Vera heimili.
- Gefið okkur meira að borða.
- Huga að systkinum.
- Læsa ketti inni eða hafa þá í bandi.
- Vera góð við hunda og hafa þá í sveit.
- Meira nammi
- Styðja við fræðslumál í skólum, t.d. að fá fyrirlestra.
- Tala jákvætt um náungann og kenna að allir séu jafnir.
- Yta undir að öll börn geti leikið saman, hjálpa þeim sem standa höllum fæti.
- Draga úr símanotkun.
- Öll börn fá sömu ást.
- Bekkjarpertý (hittingur umsjónar- eða félagahóps)
- Ræða vel við börnin um inntak sáttmálans og gera þau meðvituð um þeirra réttindi og hvað þetta þýðir í alþjóðasamhengi.
- Vera opin um tilfinningar og líðan. Það er ekki tabú að segja hvernig manni líður og umræðan eflir tilfinningagreind (og orðaforða) barna.
- Vera virk í að fylgjast með skólastarfinu og taka þátt í því þegar það er í boði og við hæfi.
- Tala á jákvæðum nótum, vera fyrirmyndir í að útrýma hatursorðræðu.
- Setja mörk á notkun tækja. (skjánotkun)

Hvernig getur nærsamfélagið styrkt samskipti, líðan og aðstæður barna í sveitarfélaginu skv. greinum Barnasáttmálans Sameinuðu Þjóðanna?

- Ókeypis eða ódýrt tómstundastarf
- Þjóða upp á viðburði fyrir alla fjölskylduna.

- Halda áfram með tómsundastyrkinn (hærri?) Tómsundastarf tekjutengt
- Frístundastyrkur er mikilvægur. Hann gæti t.d. verið hærri fyrir tekjulægri eða barnamörg heimili svo hann nýtist til að jafna aðgengi að tómsundum
- Meira hvetjandi fyrir fyrirtæki að taka þátt í grænu umhverfi sveitarfélagsins
- Fyrirtæki get verið hvött til að gefa foreldrum tækifæri til að taka þátt í lífi barna sinna með sveigjanlegum vinnutíma (líkt og er samfélagslega viðurkennt með björgunarsveitirnar).
- Samfélagið á að styðja við tekjulága að fá húsnæði á viðráðanlegu verði líkt og það sem er nú í byggingu í Selbrún í Fellabæ – frábært!
- Greiða samgöngur fyrir alla í tómsundastarf. T.d. passar strætó ekki alltaf við annað en fótboltaæfingar. Börn í Fellabæ sækja fleira en fótbolta yfir í Egilsstað
- Gefa foreldrum svigrúm til að geta mætt á viðburði tengd börnum. (Hvaða viðhorf mætir þeim frá stjórnun?)
- Bjóða upp á fleiri tómsundir.
- Bjóða upp á opna fyrirlestra.
- Tómsundir fyrir ALLA – Fjölbreytni er mikilvæg!
- Hlusta á börnin.
- Styðja við félagsmiðstöðvar – fjölbreytni og að allir hafi aðgang.
- menningarstarf öflugt
- Gefið okkur meira að borða.
- Jákvætt – allir með í íþróttum – Ýtir meira undir almenna iðkun í íþróttum, ekki bara afreksmiðun)
- Bjóða upp á skotfimi.
- Vinna að því að minnka ríg á milli staða og stofnanna í sveitarfélaginu.
- Hækka tómsundarstyrk svo öll börn hafi sömu möguleika á að stunda tómsundastarf.
- Auka samstarf á milli skóla í sveitarfélaginu.
- Bjóða öllum í tónlist einu sinni til tvisvar
- Fyrirtæki ættu að bjóða öllum krökkum á unglingsstigi að prófa störf hjá sér.
- Er hægt að fá skólabíla til að hjálpa börnunum að njóta félagsstarfs?
- Fjalla vel um inntak Barnasáttmálans og aðlaga greinar BS að verklagsreglum hjá hverri stofnun fyrir sig sem koma að þjónustu við börn.
- Vera virk í að hjálpa til við að útrýma hatursorðræðu og fordómum. Bjóða upp á fræðslu í þeim efnum.
- Gera bæinn barnvænni.
- Auðvelda aðra samgöngumáta en bílinn.

Skólaárið 2023 – 2024 ætlum við samkvæmt starfsáætlun skólans að vinna áfram með þessar niðurstöður og innleiðingu á ákvæðum barnasáttmálans í skólanum – einnig vinna með markvissum hætti að þessu með nemendum.

Skólaráð

Skólaráð Fellaskóla 2022 – 2023 Anna Birna Einarsdóttir skólastjóri Áslaug Sigurgestsdóttir kennari Michelle Mielnik kennari Ástríður Vala Gunnarsdóttir starfsmaður Helga Björg Garðarsdóttir foreldri Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir foreldri Ina Berglind Guðmundsdóttir nemandi Sóley Dagbjartsdóttir nemandi.

Fundur 1. 24. nóvember 2022

Umræðupunktur;

1.) Skóladagatalið 2022 – 2023

- 2.) Breyting á föndurdegi – færa hann að ósk foreldra fram um einn dag, fimmtudaginn 1. des í stað föstudagsins 2. des. Allir tóku vel í þá tillögu og hún var samþykkt.
- 3.) Foreldrafélagið – hvernig er staðan á því. Hvað er hægt að gera til að auka þátttöku foreldra í foreldrafélaginu? Eftir nokkur ár í covid tekur tíma að koma félagsstarfi og þátttöku í gang. Einu sinni voru tengiforeldrar fyrir hvern árgang en það er ekki talin ástæða til að hafa þá í dag þar sem mikið er um að vera hjá nemendum í félagsstarfi og þörfin eða áhuginn ekki eins og áður var varðandi félagsstarf á vegum skólans.
- 4.) Innra mat og umbótaáætlun kynnt og yfirfarið.
- 5.) Ytra mat og umbótaáætlun kynnt og yfirfarið. Fórum yfir þá liði í umbótaáætlun er varða skólaráð og foreldrasamstarf.
- 6.) Ákveðið var að hafa morgunverðarfund föstudaginn 3. febrúar 2023 þar sem foreldrum og nemendum er boðið í morgunverð á milli 8.00 – 9.00 til skrafs og ráðagerðar um það hvernig og hvað við viljum gera til að efla samskipti okkar allra?
- Fleira ekki bókað, Anna Birna Einarsdóttir
- Fundur 2. - Janúar/ febrúar Morgunverðarfundur með foreldrum og nemendum – skipulag og undirbúningur.

Mat á skólastarfinu, líðan nemenda

Til að meta árangur og skólastarfið almennt er skólinn í samstarfi við Skólapúlsinn sem gerir árlega kannanir fyrir grunnskóla landsins. Samstarf við Skólapúlsinn gefur okkur mikilvægan samanburð við aðra skóla á landinu.

Í ár voru kannanir lagðar fyrir nemendur á mið- og elsta stigi skólans, starfsfólk og foreldra nemenda.

Nemendakönnun 6.-10.

Marktækur munur er á nemendum skólans og á landsvísu hvað varðar ánægju af lestri.

Ekki telst vera marktækur munur á nemendum skólans og á landsvísu hvað varðar þrautseigju í námi, áhuga á stærðfræði og ánægju af náttúrufræði

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	72	0,1	4,3	18.805	0,5*
1.2. Þrautseigja í námi	4,3	73	0,0	4,4	18.898	-0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,7	73	0,0	4,7	19.161	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	73	-0,4	4,4	19.153	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,5	73	-0,1	4,3	18.885	0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	73	-0,2	4,8	19.102	-0,3

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfssálit	4,1	72	-0,5	4,2	18.810	-0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	73	0,1	4,2	18.779	0,3
2.3. Vellíðan	4,7	73	-0,5	4,3	18.993	0,4*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	16	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,4	73	-0,3	5,8	18.957	-0,4
2.6. Tíðni eineltis	11,0%	8/73	3,5%	15,0%	2925/18895	-4,0%
2.7. Staðir eineltis	-	7	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	29,6%	21/71	-5,4%	44,8%	8301/18484	-15,2%*
2.9. Hollt mataræði	4,5	73	-0,3	4,6	18.662	-0,1


Þegar spurningar sem mynda matsþáttinn „Líðan og heilsa“ eru skoðaðir kemur í ljós að nemendur finna töluvert meira fyrir vellíðan en jafnaldrar þeirra á landsvísu (marktækur munur)

Spurningar sem mynda þennan matsþátt; Hugsaðu um hvað þú gerðir og upplifðir í gær, merktu síðan við hve mikið þú upplifðir hverja af eftirfarandi tilfinningum: Gleði, Áhyggjur

Þegar rýnt er í árgangana, kemur í ljós að nemendur í 8. Bekk hafa það þónokkuð betra en á landsvísu

Skólinn er talsvert undir í þættinum „Tíðni eineltis“

Hvað heilsu og vellíðan nemenda varðar þá er marktækur munur á vellíðan nemenda



Á þessari mynd sést hvernig meðaltöl þátttökuskóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni og rauða línan sýnir meðaltal sveitarfélagsins.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	72	-0,2	4,7	18.627	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	73	-0,1	4,7	18.844	0,4*
3.3. Agi í tímum	5,3	72	0,4	4,8	18.801	0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,4	70	0,1	4,8	18.741	0,6*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,3	73	-0,4	4,8	18.759	0,5*

Opin svör gott og slæmt..... sjá skýrslu

Starfsmannakönnun grunnskóla 2023

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,4	20	-0,6	4,7	1.702	-0,3
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,4	20	1,0	4,7	1.699	0,7*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	3,9	20	-0,7	5,0	1.698	-1,1*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,8	20	0,3	4,9	1.702	-0,1

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	3,7	19	0,3	4,8	1.690	-1,1*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,0	19	0,1	5,0	1.687	0,0
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,9	19	-0,6	5,0	1.688	-0,1
2.4. Ræktun mannaúðs	5,9	20	0,3	5,1	1.641	0,8*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	70,0%	14/20	11,7%	75,6%	1187/1570	-5,6%
2.6. Gagnsemi starfsmannviðtals	92,3%	12/13	-0,6%	88,1%	978/1110	4,2%

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,9	20	0,1	5,1	1.686	0,8*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,0	18	1,4	4,5	1.629	-0,5*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,2	20	-0,5	5,1	1.677	0,1
3.4. Stuðningur við nýsköpun	5,3	20	-0,3	5,2	1.672	0,1
3.5. Mismunur	4,1	20	-0,6	4,8	1.675	-0,7*
3.6. Einelti (þú)	0%	0/20	-	3,4%	58/1698	-3,4%
3.7. Einelti (annar en þú)	5,0%	1/20	5,0%	10,8%	182/1686	-5,8%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	5,0%	1/20	5,0%	4,6%	78/1686	0,4%
3.9. Kynferðisleg áreitni	0%	0/20	-	0,5%	9/1705	-0,5%

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,8	20	0,2	5,3	1.648	0,5*
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,7	20	0,0	5,2	1.646	0,5*
4.3. Valdeffandi forysta næsta yfirmanns	5,7	19	0,3	5,1	1.634	0,6
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	-	-	-	-	-	-
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-
4.6. Valdeffandi forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	4,8	11	0,3	5,0	938	-0,2
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,2	11	0,5	5,0	927	-0,8*
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,1	10	0,6	4,9	779	0,2
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	43,6 mín	11	21,6 mín	35,4 mín	802	8,2 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	63,6%	7/11	-7,0%	66,2%	639/965	-2,6%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	30,0%	3/10	10,0%	50,0%	449/898	-20,0%
5.7. Hópavinna í bekk	11,1%	1/9	-31,8%	33,8%	291/862	-22,7%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	9,1%	1/11	-30,9%	30,6%	277/906	-21,5%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	63,6%	7/11	-11,4%	56,8%	524/922	6,8%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	0%	0/9	-	9,1%	79/867	-9,1%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	100,0%	11	25,0%	78,1%	730/935	21,9%

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,4	10	-1,0	5,3	843	0,1
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,5	10	-0,7	5,2	836	0,3
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,6	11	0,8	5,2	928	1,4*
6.4. Samráð um kennslu	5,7	11	-0,6	5,3	897	0,4
6.5. Samvinna um kennslu	6,7	10	-0,1	5,7	809	1,0

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	50,0%	5/10	16,7%	46,4%	429/924	3,6%
7.2. Símenntunarpörf kennara	6,1	11	0,6	6,4	911	-0,3
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	1	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	27,3%	3/11	-16,5%	48,2%	450/934	-20,9%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	11	-	-	-	-

Opin svör...gott og slæmt...sjá skýrslu

Foreldrakönnun grunnskóla 2023

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,4	35	0,1	5,1	5.366	0,3
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	97,1%	33/34	1,4%	90,6%	4426/4894	6,5%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	94,1%	32/34	5,7%	82,8%	4374/5211	11,3%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	84,8%	28/33	1,5%	71,0%	3558/4949	13,8%*

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,8	34	-0,4	4,6	4.870	0,2
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	97,2%	35/36	10,5%	86,2%	4404/5085	11,0%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	97,3%	36/37	1,6%	89,1%	4806/5370	8,2%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	91,9%	34/37	-5,9%	89,5%	4786/5338	2,4%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	97,2%	35/36	3,6%	87,7%	4660/5296	9,5%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	5,4%	2/37	1,1%	10,5%	559/5309	-5,1%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	-	-	-	-	-	-
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	-	-	-	-	-	-
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	94,7%	18/19	14,7%	73,3%	2188/2951	21,4%*
2.10. Meðaltímabil eineltis	-	-	-	-	-	-
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	2	-	-	-	-

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,3	37	0,2	5,4	5.233	-0,1
3.2. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift	77,1%	27/35	-4,7%	71,1%	3291/4552	6,0%
3.3. Notkun á mataráskrift	100,0%	37	4,3%	87,9%	4772/5353	12,1%*
3.4. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift	-	-	-	-	-	-

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	6,2	35	0,3	4,8	5.082	1,4*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	58,1%	18/31	5,3%	55,8%	2489/4290	2,3%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	77,3%	17/22	9,7%	63,6%	2395/3662	13,7%
4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	27	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	15	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	100,0%	36	7,0%	93,2%	4741/5086	6,8%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	37	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	48,1%	13/27	-1,9%	58,0%	2572/4494	-9,8%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	81,0%	17/21	-9,9%	87,2%	3536/4053	-6,2%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	90,3%	28/31	3,6%	78,8%	3918/4949	11,5%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	77,1%	27/35	3,8%	69,7%	3712/5250	7,4%

Opin svör.... Gott, má betur fara, heimasíða....sjá skýrslu

Í mati nemenda í 1.-5. bekk kemur í ljós að ánægja af lestri er marktækt minni en gengur og gerist á landinu. Munurinn er mestur meðal nemenda í 1. bekk og er hann einnig marktækur miðað við aðra nemendur á landinu. Ánægja nemenda af lestri er mest í 3. bekk og hefur hún aukist á milli ára, en er þó enn undir landsmeðaltali.

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 1.b	3,8	11	-1,7	5,4	608	-1,6*
1.2. Ánægja af lestri 2.b	4,2	8	-1,3	5,3	678	-1,1
1.3. Ánægja af lestri 3.b	5,3	9	0,7	4,5	668	0,8
1.4. Ánægja af lestri 4.b	-	-	-	-	-	-
1.5. Ánægja af lestri 5.b	2,7	8	-1,0	3,7	733	-1,0
1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b	4,0	40	-0,8	4,6	3.394	-0,6*

Nemendur í 1.-5. bekk sem heild eru almennt minna ánægðir með skólann en aðrir nemendur á landinu og er sá munur marktækur. Nemendur í 1. bekk eru ánægðastir með skólann en þó marktækt óánægðari en aðrir 1.bekkar nemendur á landinu. Nemendur 5. bekkjar eru óánægðastir meðal nemenda í 1.-5. bekk, sá munur samanborið við aðra 5. bekkjarnemendur á landinu er þó ekki marktækur. Þær spurningar sem mynda þennan matþátt eru: Þegar ég er í skólanum finnst mér ég hafa mikla orku; Þegar ég er í skólanum finnst mér ég hafa margt að hlakka til; Þegar ég er í skólanum finnst mér ég hafa gaman af mörgu; Þegar ég er í skólanum finnst mér margt vera spennandi. Svarmöguleikarnir eru: Ekki oft; Stundum; Oft.

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 1.b	5,1	11	-0,5	5,6	608	-0,5*
2.2. Ánægja með skólann 2.b	4,6	8	0,3	5,3	679	-0,7
2.3. Ánægja með skólann 3.b	4,9	9	-0,1	4,8	670	0,1
2.4. Ánægja með skólann 4.b	-	-	-	-	-	-
2.5. Ánægja með skólann 5.b	3,2	8	-0,8	4,3	735	-1,1
2.6. Ánægja með skólann 1.-5.b	4,5	40	-0,3	4,9	3.400	-0,4*

Þegar spurningar sem mynda matsþáttinn „Vellíðan í skólanum” eru skoðaðar kemur í ljós að nemendur 1.-5. bekkjar finna almennt fyrir minni vellíðan en jafnaldrar þeirra á landsvísu, sá munur reynist marktækur. Nemendur í 5. bekk sýna minnstu vellíðan en nemendur í 3. bekk mestu. Í báðum tilvikum er vellíðan þó minni en hjá jafnöldrum á landsvísu, sá munur er þó ekki marktækur. Þær spurningar sem mynda þennan matsþátt eru: Þegar ég er í skólanum finnst mér vera hugsað vel um mig; Þegar ég er í skólanum finnst mér ég vera

örugg/öruggur; Þegar ég er í skólanum er ég hamingjusamur/hamingjusöm; Þegar ég er í skólanum finnst mér fólk vera sanngjarnt við mig. Svarmöguleikarnir eru: Ekki oft; Stundum; Oft.

3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan í skólanum 1.b	4,7	11	-0,9	5,5	604	-0,8
3.2. Vellíðan í skólanum 2.b	4,3	8	-0,6	5,3	679	-1,0
3.3. Vellíðan í skólanum 3.b	4,9	9	-0,5	4,9	669	0,0
3.4. Vellíðan í skólanum 4.b	-	-	-	-	-	-
3.5. Vellíðan í skólanum 5.b	3,9	8	-1,5	4,7	735	-0,8
3.6. Vellíðan í skólanum 1.-5.b	4,5	40	-0,9	5,1	3.395	-0,6*

Skólalapsinn, 6.-10. bekkur.

Í flokknum um virkni nemenda í skólanum var ekki marktækur munur í niðurstöðum, hvorki hvað varðar breytingu frá síðustu könnun, né mun á nemendum Fellaskóla samanborið við aðra skóla á landinu. Ánægja af lestri hefur heldur minnkað en er þó hærri en landsmeðaltal. Þrautseigja í námi er óbreytt, en áhugi á stærðfræði hefur aukist töluvert og er nú aðeins 0,1 stigi undir landsmeðaltali. Sömuleiðis hefur ánægja af náttúrufræði aukist sem og trú á eigin vinnubrögð í námi.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,7	40	-0,4	4,4	16.560	0,3
1.2. Þrautseigja í námi	4,3	39	-0,0	4,5	16.652	-0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,7	39	0,6	4,8	16.891	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,9	39	0,3	4,5	16.877	0,4
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,6	40	0,4	4,4	16.645	0,2
1.6. Trú á eigin námsetu	4,7	40	-	4,9	16.854	-0,2


Þegar kemur að liðnum „Líðan og heilsa” má sjá að sjálfsálit nemenda og stjórn á eigin lífi hefur aukist lítillega samanborið við síðustu könnun og er ívið meira en á landsvísu, sá munur er þó ekki marktækur. Þegar spurt er út í vellíðan nemenda kemur fram að vellíðan hefur aukist og er mun hærri en gengur og gerist á landsvísu, sá munur mælist marktækur. Einelti hefur minnkað innan skólans og er á pari við það sem gerist á landsvísu en tíðni eineltis hefur aukist lítillega, það er þó enn langt undir landsmeðaltali. Þrír nemendur segjast hafa verið lagðir í einelti á síðustu 30 dögum, tveir þeirra 2-3 sinnum en einn 12 sinnum eða oftar. Þegar nemandi segist hafa orðið fyrir einelti á síðustu 30 dögum er hann í kjölfarið beðinn að merkja við hvar eineltið átti sér stað. Þeir staðir þar sem einelti á sér stað eru í frímínútum innandyra, kennslustundum og búningsklefum en einn nemandi merkir við

hvern þessara þátta, nemendur eru beðnir um að merkja við allt sem við á í þessu tilfelli. Tíðni hreyfingar -2 í viku eða oftar hefur aukist milli kannana en er þó enn langt undir landsmeðaltali.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,6	40	0,1	4,3	16.581	0,3
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,4	40	0,1	4,3	16.537	0,1
2.3. Vellíðan	5,2	40	0,5	4,3	16.732	0,9*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	8	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,7	40	0,7	5,6	16.708	0,0
2.6. Tíðni eineltis	7,5%	3/40	0,4%	14,6%	2505/16639	-7,1%
2.7. Staðir eineltis	-	3	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	35,0%	14/40	8,8%	44,4%	7254/16290	-9,4%
2.9. Holt mataræði	4,8	40	0,3	4,6	16.431	0,2

2.3. Vellíðan – Röðun*



Í skóla- og bekkjaranda hefur lítil breyting orðið milli ára, að því undanskildu að samband nemenda við kennara er betra en það var áður. Tíðni leiðsagnarmats mælist marktækt hærrí samanborið við aðra skóla, sá munur reynist marktækur.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	40	-0,1	4,8	16.405	0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	5,2	40	0,5	4,8	16.613	0,4
3.3. Agi í tímum	4,9	40	-0,0	4,9	16.595	0,0
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,3	40	-0,0	4,9	16.552	0,4
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,7	40	-0,1	4,9	16.550	0,8*

Þegar nemendur eru beðnir um að lýsa því sem þeim finnst slæmt eða að betur mætti fara í skólanum sjást svör á borð við:

- Maturinn (x7)
- Fiskur í hádeginu (x2)
- Símasvararnir og símareglur (x2)
- Fáum ekki að fara í borðtennis (x2)
- Að það séu bara íþróttir einu sinni í viku, tveir að auki nefna að það þurfi meiri íþróttir
- Vantar skólahreystival
- Lítil skóli
- Lítið fjárafl
- Hata hávaða

Þegar nemendur eru beðnir um að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann má sjá svör á borð við:

- Lítil skóli (x4)
- Vinir og félagsskapur (x4)
- Ekkert einelti (x3)
- Íþróttir (x3)
- Frímínútur (x3) - einn að auki segir gott að mega vera í símanum í frímó
- Góðir kennarar (x3)
- Oftast góður matur
- Skólinn minn er svo frjálsgur
- Miklar list- og verkgreinar
- Gaman í myndmennt
- hafa lotur
- Sófar

- Það er ekkert heimanám

Mannauður

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var ekki lögð fyrir í ár, en starfsþróunarsamtöl voru boðuð um miðjan apríl 2021.

Í starfsþróunarsamtölum skólastjóra og starfsfólks var m.a. farið yfir starfslýsingar, starfsanda og starfsánægju, tækifæri til vaxtar, styrkleika og tækifæri til bætingar bæði persónulega og hvað varðar vinnustaðinn, endurmenntun starfsfólks auk óska þeirra varðandi næsta skólaár hvað varðar viðfangsefni og stöðuhlutfall.

Heilt yfir var starfsfólk ánægt í starfi og starfsandi sagður góður, starfsumhverfi þægilegt og flestum líður vel. Einn starfsmaður lýsti þó vanlíðan og of miklu álagi í starfi, honum finnst hann ekki alltaf hafa vald á starfinu en persónuleg líðan og erfiður tími orsakar það að einhverju leyti. Einn starfsmaður talaði um að það vanti upp á félagsleg samskipti vegna þess að tímasett í hádegismat og frímínútum skarist (sem gerir það að verkum að ekki allir starfsmenn hittast á þeim tíma). Yfir höfuð voru menn ánægðir með samstarfsfólk sitt og finnst samskipti og samstarf ganga vel.

Tækifæri til vaxtar voru meðal annars:

- Auka samvinnu tengda leiðsagnarnáminu
- Minnka áherslu á próf
- Auka teymisvinnu
- Stuðla að skapandi flæði milli námsgreina
- Efla frumkvæði og ábyrgð nemenda
- Tengja betur við áhuga nemenda
 - Annar bendir á námskeið á vegum Menntafléttunnar: Byggjum á forvitni og áhuga nemenda.
- Auka upplýsingaflæði til foreldra
- Leiðtoganámskeiðið Náttúrufræðin í höndum nemenda – einn kennari sem ætlar á það.
- Auðvelda möguleika á dagsferðum með nemendum, t.d. með því að fá nesti og fá stundum far með rútu/strætó.
- Hafa stundatöflur umsjónarkennara þannig að þær bjóði upp á lengri samfelldan tíma til að nýta í verkefni sem væru í gangi allan daginn - eða auka samvinnu við aðra kennara til að auðvelda þann möguleika.
- Hugsa að kaupum á tilteknum áhöldum fyrir dagsferðir, t.d. bakpoka með málböndum eða tommustokkum, stækkunarglerjum, klemmuspjöldum, áttavitum, hitamælum, skriffærum, kortum o.þ.h.
- Nýta Námfús betur
- Bæta við sig þekkingu í forritun og tækni

Þegar starfsfólk/kennarar voru spurð út í eigin styrkleika kom meðal annars fram:

- Mikil reynsla og góð samskipti við nemendur
- Tilbúin/n að breyta og endurskoða þegar þarf
- Oftast jákvæð/ur
- Vilji til að prófa margvíslegar aðferðir til að finna þær sem hvetja nemendur til að sýna áhuga og vilja ná framförum
- Áreiðanleiki
- Sveigjanleiki
- Nær vel til nemenda
- Leggur sig fram
- Vel liðin/n af nemendum
- Gengur vel að koma eigin þekkingu til skila

Aðspurt hvað starfsfólk/kennarar vildu bæta hjá sér í starfinu kom m.a. fram:

- Kynna sér fjölbreyttari kennsluaðferðir
- Gera námsmat skilvirkara
- Nýta Námfús betur
- Bæta skipulag
- Styrkja sig í íslensku
- Þora að stíga þau skref að gera nemendur enn ábyrgari fyrir námi sínu og sjálfstæðari í vinnubrögðum og byggja námið þeirra enn meira á áhuga, forvitni og spurningum þeirra.
- Bæta mig enn frekar í að gera "litlu" símatsathugasemdirnar sem eiga sér stað jafnóðum í vinnulotum sýnilegri þannig að hægt sé að sýna betur fram á hvernig hugsun nem. og framför byggjast upp.

Nám og kennsla

Í Fellaskóla er haldið utan um niðurstöður skimana og prófa hjá öllum árgöngum þannig að aðgengilegt sé að sjá þróun árangurs hjá árgöngum.

Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir alla nemendur í 3. – 8. bekk.

Lesfimiþróf MMS, **lesferill** er lagt fyrir alla nemendur skólans og eru niðurstöður rýndar og skráðar út frá viðmiðum um árangur.

Læsi – lesskimun er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.

Skimað er með **Logos-greiningarprófi** fyrir lesblindu í 3., 6. og 9. bekk, þeir nemendur sem ná ekki viðmiðum fara í allt prófið.

Skimun í reikniaðgerðum með **Talnalykli** er lögð fyrir nemendur í 3. og 6. bekk.


Samræmd könnunarpróf voru ekki lögð fyrir nemendur í vetur.

Námsmat


Innleiðing á leiðsagnarnámi með fjölbreyttu námsmati.

Lesferill, niðurstöður í maí 2023

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Fellaskóli (Fellabæ), maí 2023



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Fellaskóli (Fellabæ), maí 2023



Samstarf við aðra skóla

Grunnskólinn á Borgarfirði eystra

Fellaskóli er í samstarfi við samrekinn leik- og grunnskólann á Borgarfirði eystra. Sú samvinna á sér aðdraganda í verkefni sem grunnskólinn á Borgarfirði eystra – skólastjóri María Ásmundsdóttir Shanko ábyrgðarmaður fyrir umsókn, sótti um í Sprotasjóð 2018. Markmiðin með verkefninu var að rjúfa félagslega einangrun nemenda á Borgarfirði eystra, veita nemendum tækifæri til að fá kennslu í mismunandi faggreinum þar sem starfsmenn voru eingöngu tveir á Borgarfirði og nemendur 5 á aldrinum 6 – 16. ára. Við sameiningu sveitafélaganna 2021 – 2022 er ekki lengur skólastjóri á Borgarfirði og þá er ákveðið að sameina skólastjórn Fellaskóla og Grunnskólans á Borgarfirði enda nemendur þá aðeins fjórir á Borgarfirði. Samstarfið hefur verið í mótun síðustu ár. Á Borgarfirði er deildarstjóri 1 sem ber ábyrgð á daglegri umsýslu þar s.s. forföll starfsmanna, samskipti við nærsamfélagið og daglegt skipulag starfsins í skólanum á Borgarfirði. Skóla lýkur kl. 12.00 mánudaga og föstudaga, 15.00 þriðjudaga og fimmtudaga og 16.00 á miðvikudögum en þá daga eru nemendur í Fellaskóla. Stundaskrá stiga í Fellaskóla tekur mið af því og kappkostað er að setja inn íþróttir, sund og list- og verkgreinar á miðvikudögum svo nemendur Borgarfjarðar fái kennslu í þeim greinum sem erfiðara er að bjóða uppá á Borgarfirði.

Af óviðráðanlegum ástæðum þurftu nemendur á Borgarfirði að komu mun oftast með skólabíl í Fellaskóla en áður og þá sameinuðust þeir árgöngunum sem þeir tilheyra og stunduðu námið undir leiðsögn kennara Fellaskóla.

Fellaskóli starfar samkvæmt skóladagatali og starfsáætlun skólans. Grunnskólinn á Borgarfirði starfar samkvæmt skóladagatali sem þar er gert og tekur mið af því að skólahaldi ljúki fyrr á vorin vegna hefðar í samfélaginu þar.

Starfsáætlun en með svipuðum hætti – þó er mismunur á hefðbundnum viðburðum en leitast er við að hvor skóli haldi sínum hefðum og sérkennum þrátt fyrir samstarfið.

Fræðslustjóri, skólastjóri, deildarstjóri grunnskólans á Borgarfirði og deildarstjóri Leikskólans á Borgarfirði funda reglulega um málefni og samstarf skólanna.

Náttúruskólinn

Fellaskóli hefur verið í nánú samstarfi við Náttúruskólann frá skólaárinu 2019 – 2022 en þá fengum við að vera þátttakendur í þróunarstarfi skólans. Náttúruskólinn var formlega stofnaður 2022. Áhersla skólans er á útivist, áttahagafræðslu, heilbrigðan lífsstíl, sjálfseflingu, samskipti og samvinnu. Markmið skólans eru fimm og tengjast öll markmiðum sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Markmiðin;

- Að auka félagsgreind, sjálfstraust og virkni nemenda með áskorunum og þjálfun í samvinnu þar sem allir finna sína styrkleika.
- Að virkja og þjálf skapandi og lausnamiðaða hugsun og færni nemenda, með nýjum og fjölbreyttum nálgunum.
- Að hjálpa nemendum að skilja samspil manns og náttúru, kveikja áhuga og auka virðingu fyrir náttúrunni til framtíðar með lifandi fræðslu um umhverfi og sjálfbærni.
- Að nemendur kynnist menningararfinum og samhengi hlutanna með lifandi fræðslu um sögu, menningu og menningarminjar.
- Stuðla að heilsuefingu með útivist, hreyfingu, núvitund og gleði.

<https://natturuskolinn.wordpress.com/>

Leikskólinn Hádegishöfði

Undanfarin ár hefur verið náið samstarf á milli leikskólans Hádegihöfða og Fellaskóla. Nemendur á síðasta ári leikskólans koma í hverjum mánuði í Fellaskóla og taka þátt í leik og starfi með fyrsta bekk. Einnig fara nemendur 1. bekkjar í Fellaskóla í heimsókn í sinn gamla leikskóla. Á næsta skólaári ætla leik- og grunnskólinn í Fellabæ að taka upp og innleiða sömu uppeldisstefnu sem heitir jákvæður agi. Á liðnu skólaári flutti leikskólinn Hádegishöfði í nýtt húsnæði nær Fellaskóla og skólustjórnendur skólanna hafa hug á að efla samstarfið ennþá meira s.s. í listsköpun og fræðslu til foreldra.

BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi.

BRAS er menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi hefur fest sig í sessi sem árviss haustviðburður. Viðburðir fara ýmist fram innan grunn- og leikskóla eða sem opnir viðburðir þar sem öll eru boðin velkomin til þátttöku.

BRAS viðburðir eru í boði sveitarfélaga á Austurlandi, menningarmiðstöðva, bókasafna, skóla, listafólks á svæðinu og List fyrir alla.

Menningarstofnanirnar þrjár á Austurlandi bjóða uppá fjölbreytta viðburði, sumir standa skólum til boða en aðrir eru opnir fyrir öll. Minjasafna Austurlands, söfnin í Fjarðabyggð, bókasöfn sveitarfélaga og austfirskir listamenn bjóða upp á opnar smíðjur.

Á þessu skólaári tók Fellaskóli þátt í fjölbreyttum verkefnum í boði BRAS.

Skýrslur teyma að loknu skólaári 2022 - 2023

Yngsta stig, 1. – 4. bekkur

Uppbrotsdagar /ferðir

Gönguferð í kringum Húsatjörn á Eiðum – Tvöfaldur dagur, vorum sótt um korter yfir þrjú. Gott veður og nægur leiktími, ekkert stress, en spurning hvort þarf að hafa hópleiki á blettinum áður en lagt er af stað, því hringurinn er frekar stuttur þó að stoppað sé lengi á nokkrum stöðum til að leika. Hallormsstaðadagurinn var mun eftirminnilegri í samanburði við þennan.

Freysnes – Passa að hafa þessa göngu ekki strax fyrir eða á eftir langa göngudeginum, einkum fyrir yngstu. Gott að hafa rútuna heim. Annars mjög skemmtileg ferð fyrir börn og fullorðna.

Ýmsar ferðir á verndarsvæðið, í berjamó og niður að fljóti.

Jólafondur – Hentug tímasetning seinni partinn og góð mæting áhugasamra foreldra.

Safnaheimsókn – Fórum með rútu yfir í Egilsstaði. Jólaveinasýning á minjasafninu, púsl og lestur á bókasafninu og kíktum stutt inn á skjalasafnið, leikið í snjónum í Tjarnargarðinum og enduðum á því að skoða hringrásarsýningu í Sláturhúsinu. Aftur í skólann með rútu.

jólabíó – Mikil stemmning og tilhlökkun. Endilega að poppa og gaman nemendur velja sér mynd og aldurstigin jafnvel blandist.

Litlu jólin – Fínt að hafa rúma klst. inni í heimastofu og passlegt að vera 40-50 mín. frammi í kringum jólatréð.

þorablót – Skemmtilegt. Góður tími, en leiðinlegt að sveitabörn þurftu að fara fyrr vegna óveðurs. Gaman að vera með skemmtiatriði og syngja saman.

öskudagur – Hentugur tími. Skemmtilegir leikir.

skíðaferðin – Gekk mjög vel. Frekar kalt, en það kom ekki að sök. Samskipti nemenda til fyrirmyndar á þessum dögum.

árshátíð – Gaman að næstum allir nemendur hafi tekið þátt. Skemmtilegt að nýta hugmyndir frá nemendum, að þeir finni og útbúi búninga og leikmuni. Enn spurning hvort ætti að vera eitt atriði fyrir allan skólann eða skipt á milli stiga. Þarf að hugsa vel fram í tíma til að undirbúa, einkum ef nemendur taka meiri þátt í skipulagi sjálfir.

héraðsleikar – Gott skipulag, fínt að hafa val á hverri stöð (hjá 3. og 4.b. í GE) og ekki stressandi að hlaupa á milli, skemmtilegar stundir. Var samt mjög gott þegar unglingarnir aðstoðuðu með stöðvar hér í skólanum. Spurning hvort fræðslan þeirra gæti verið á öðrum degi. Gaman að koma í annan skóla, en kostnaðarsamt vegna rútuferða. Ef aðalmarkmiðið er að blanda jafnöldrum saman úr mismunandi skólum, þá finnst okkur þetta ekki endilega nást svona þó svo að sumir hitti einhverja sem þeir þekkja af æfingum. Spurning um að endurtaka það sem gert var í Covid takmörkunum þar sem nemendur í Fellaskóla tóku þátt í alls kyns þrautum hér í Fellabæ, skipt í blandaða hópa þar sem unglingarnir voru hópstjórar.

Egilsstaðaferð – Nýttum þennan dag til kl.15. Ætluðum að hjóla yfir en vegna gular vindviðvörðunar var tekin skyndiákvörðun um að fá rútu fram og til baka. Safnaheimsókn með 4 stöðvum: fræðsla um Kjarval og ratleikur tengdur veðri á minjasafninu, Break-Out samvinnulásakassi á bókasafninu og ljósmyndaleit o.fl. á Héraðsskjalasafninu. Borðuðum í Tjarnargarðinum og hoppuðum að eins á hoppbelginn. Enduðum á því að skoða hringsjána og líta inn í Egilsstaðastofu (upplýsingamiðstöð) til að forvitnast og tala við ferðamenn.

Ekkiufellsgangan – Munar öllu að þurfa ekki að stressa sig yfir að komast aftur í skólann fyrir hádegismat. Skiptir ekki öllu máli hvort gengið er frá skólanum eða farið með rútu að bústaðnum. Muna að hafa auka vatnsflöskur ef einhver er ekki með, annars geta nemendur borið nesti sitt sjálfir. Muna að biðja mótuneytið tímanlega um að draga tvo daga frá í fæðu í maí þar sem nemendur munu nesti sig sjálfir.

hjólabrautadagurinn – Nemendur undirbjuggu þvottastöð, þrautabraut og skilti, tóku þátt í fræðslu og fengu skírteini. Muna að láta lögregluna vita fyrir svo að hún geti komið með umferðarfræðslu og skoðað farartækin meira í rólegheitunum.

Teymisvinnan

Teymi yngsta stigs hefur hist a.m.k. 1 sinni í viku, gjarnan á mánudögum þegar það hefur gengið, kl.14-15:45 til að leggja drög að skipulagi fyrir loturnar og aðra viðburði, skipta með okkur undirbúningi o.þ.h. Einnig höfum hist í 30-60 mínútur á öðrum degi vikunnar til að skiptast á verkefnum og fara yfir hvernig eitt og annað hefur gengið, auk þess að undirbúa sum verkefni saman. Þar til viðbótar hefur hver umsjónarkennari hitt sérkennara í um 20-40 mín. í viku til að fara yfir stöðu og fá aðstoð við/verkefni til að nýta hjá tilteknum nemendum.

Kostir við teymisvinna eru t.d. að kennarar eru ekki einir á báti. Þeir eru meira samstíga, deila hugmyndum, fá tilbúin verkefni hjá öðrum og geta rætt og fengið ráð vegna tiltekinnar nemenda. Teymisvinnan styður við nýliða, að sjá sömu viðfangsefni frá mörgum sjónarhornum og ýtir undir fjölbreyttari kennsluhætti þar sem kennarar njóta sín ekki síður en nemendur. Og það er sérlega gott að hafa sérkennara í svona teymi.

Helstu örðugleikarnir tengjast fundartímum þar sem allir geta verið. Gott hefði verið að hafa stuðningsfulltrúann á teymisfundum líka.

Útinám

Útinámið hefur farið fram á yngsta stigi með ýmsu móti. Nýttur var fastur útinámstími eftir hádegis á föstudögum með öllu stiginu í mismunandi hópum eftir viðfangsefnum. Boðið var upp á kennarastýrð verkefni, hringekju, skapandi verkefni, val á ákveðnum verkefnum, hópvinnu, einstaklingsvinnu, samvinnuleiki, hópefli, umhverfisvernd og margt fleira tengt öllum greinum og í tengslum við lotuna. Stundum var talið eða dregið í hópa og stundum völdu nemendur sér sjálfir hóp eða verkefni. Unnið var við skólann, á skólalóðinni, á verndarsvæði og víðar í nágrenninu.

Útinámið er notað til að upplifa og kanna nánasta umhverfi og átta sig betur á nærsamfélaginu. Auk fastra tíma í útinámi með öllu stiginu fórum við líka oft út með umsjónarhópinum í íslensku eða stærðfræði verkefni.

Við teljum að útinámið sé mjög mikilvægt fyrir nemendur til að efla þrek og þol, nemendur læra að fara út í alls konar veðri, fá frískt loft og meiri hreyfingu en ella. Þeir klæða sig

misvel, en læra oft af mistökum sínum á því sviði á endanum. Einnig er áskorun fyrir suma að borða úti eða t.d. að þurfa að létta á sér úti í móa, en það eflir siðferðiskennd þeirra um hvar, hvenær og hvernig hægt er að leysa slíkt með tilliti til annarra og laga og óskráðra reglna. Útinámið er einnig vettvangur þar sem við sjáum hvernig nemendur nýta ímyndunaraflíð í leik án þess að hafa endilega skjá eða keypta hluti til að leika með og samvinnutækifærin eru nýtt til fulls. Við sjáum líka öðruvísi tengslamyndun heldur en í kennslustofunni.

Að fara í vettvangsferðir / gönguferðir er styrkleiki fyrir marga sem njóta sín ekki alltaf í kennslustofu og hafa flestar ferðir gengið vel, þó að stundum þurfi sumir nemendur strangt aðhald.

Seinustu tímarnir á föstudögum reyndust ekki bestir. Oft vantaði nemendur þá og þreyta fyrr um daginn ásamt uppkomum í fyrri frímínútum áttu til að dragast yfir í útinámstímann, auk þess sem reynt var að smala saman og útskýra viðfangsefnin meðan eldri nemendur voru á leið út í frímínútur og það dró athygli margra frekar að þeim.

Við teljum að okkur hafi tekist að nota fjölbreyttar leiðir þó að sama viðfangsefni hafi stundum verið nýtt oft en einu sinni og það er okkur hvatning fyrir næsta vetur þar sem nemendur geta vonandi valið hvenær þeir fara í útinám og sumir jafnvel oft en einu sinni í viku. Þá bjóðum við upp á verkefni sem hafa þennan sveigjanlega og skapandi möguleika að útfæra þau á mismunandi hátt eða þróa þau lengra eftir því hvert við erum komin.

Náttúruskólinn er frábær upplifun á öllum stigum og nemendur á yngsta stigi hlakka til að fara í fleiri svoleiðis ævintýri! Við óskum eindregið eftir að fá tækifæri í slíkar ferðir eða slíka leiðsögn a.m.k. einu sinni á hverjum vetri.

Leiðsagnarnám

Grunnmarkmið hveðrar lotu lágu fyrir í upphafi hennar. Nemendur völdu stundum sjálfir markmið til viðbótar og fengu leiðsögn í að velja sér leiðir til að vinna að markmiðunum sem og hvernig þeir sýndu að þeir hefðu náð ákveðinni færni. Reynt var að ræða við hvern og einn nemanda um stöðuna og framfarir. Síðan fylltu þeir út sjálfsmat eftir hverja lotu og kennarar áttu samtalið og/eða skráðu umsagnir í samráði við nemendur. Markmið og skipulagsbækur voru sendar heim í upphafi lotu og í lokin, stundum í miðri lotu til að skapa umræðugrundvöll heima fyrir. Einnig eru oft nýttar einfaldar „óformlegar“ matsaðferðir, t.d. þegar nemendur eru á leið út úr stofu og svara spurningu eða skila miða með einhverju ákveðnu á sem þeir hafa verið að æfa. Kennari og nemendur geta þá farið yfir þau atriði sem þarf að skoða betur. Einnig höfum lagt mikla áherslu á jákvætt hugarfar, mismunandi tegundir spurninga og að námið sé fyrir nemendur – ekki kennarann. Erum sem mest með opnari verkefni sem hafa ekki endilega ákveðinn endapunkt, heldur getum við alltaf bætt við, þyngt o.s.frv. eftir getu nemenda og sveigjanlegri tíma sem leiðir síður til þess að nemendur segjast vera „búnir“, heldur sjá alltaf einhvern vinkel sem leiðir þá ennþá lengra þegar meðan áhugi, orka og einbeiting endast.

Michelle, Guðmunda Guðlaug og Myrra Mjöll

Miðstig 5. – 7. bekkur

Gönguferð í Stapavík í Hjaltastaðabínghá – Tvöfaldur dagur. Gott veður og nægur leiktími, ekkert stress (en þó alltaf einhverjir sem reka lestina). Mikill áhugi nemenda á því að synda í sjónum, svo það var mikilvægt að vera með sundföt, handklæði og auka sokka.

Freysnes – Ratleikur áleiðis í Freysnes, skipt í hópa þvert á aldur. Spurt um örnefni, náttúru og nánanasta umhverfi á leiðinni.

Bras - listviðburður - Miðstig fór í Skaftfell

Norræn bókmenntavika - Fellaskóli var þátttakandi í henni og vann á stigsvísu með mismunandi hætti.

Jólafondur – Hentug tímasetning seinni partinn og góð mæting foreldra. Slítur svolítið í sundur að vera með verkefni í Smiðjuhúsi. Betra að hafa alla í skólanum - notarleg samvera.

Jólabíó – Miðstig valdi eina mynd til að horfa á saman – skemmtilegt uppbrot að fá popp og drykk.

Litlu jólin – Fín samvera í stofu. Lesin jólasaga og spjallað. Farið í leik. Gaman þegar eldri nemendur gefa sig að yngri nemendum við jólatréð - virkilega falleg framkoma margra eldri nemenda hvað þetta varðar, auk þátttöku í söng.

Þorablót – Skemmtilegt. Góður tími, en leiðinlegt að sveitabörn þurftu að fara fyrir vegna óveðurs. Gaman að vera með skemmtiatriði og syngja saman. Skemmtilegur siður að halda þorablót öll saman, svolítið alvöru og góð rækt við rótgróin menningararf í heimabyggð.

Öskudagur – Hentugur tími - stutt og laggott (eins og mögulegt er á degi sem þessum). Skemmtilegir leikir. Góð mæting.

Stóra upplestrarkeppnin - við iðkuðum þann sið góða sið að lesa reglulega upp fyrir hvert annað í 7. bekk, sögubrot úr „Kennarinn sem kveikti í” eftir Bergrúnu Ýrasi, ljóð eftir systkinin frá Heiðarseli í Jökuldalsheiði og einnig ljóð nemenda að eigin vali. Við gerðum litla upplestrarstund þar sem Sólrún og Helena komu og voru okkur til halds og trausts í að velja fulltrúa til þess að fara fyrir hönd Fellaskóla á Héraðsmót í upplestri.

Skíðaferðin – Gekk mjög vel. Frekar kalt, en það kom ekki að sök. Góð þátttaka.

Árshátíð – Gaman að allur skólinn vinni með eitt viðfangsefni sem kristallast svo með mismundandi útfærslum á árshátinni sjálfri. Kom vel út að hafa hana hér í skólanum. Mætti benda þeim sem eru með veitingar á að gott væri að koma með matinn fram á borð sitt hvoru megin í salnum – svo allt gangi hraðar fyrir sig.

Útfærsla miðstigs var Hugstormunarvinna með nemendum til undirbúnings að leikriti fyrir árshátíðina. Yfirskrift árshátíðar að þessu sinni var „Heimurinn í höndum þér” - með áherslu

á vinnu með Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna. Markmiðið með undirbúningsvinnu sem þessari að nemendur séu þátttakendur í að spinna leikrit. Unnið var út frá eftirfarandi spurningum:

1. **Hverju myndir þú breyta? Ef þú hefur heiminn í höndum þér.**
2. **Hvernig passa hugmyndir nemenda við Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna?**
3. **Hvaða persónur gætu breytt heiminum?**

Nemendur völdu hver þeir vildu vera á árhátíðinni, gerðu grind að persónunni, eiginlekum og útliti og hvað hún myndi vilja tala um. Leikrit skrifað í samvinnu við nemendur þar sem allar persónurnar koma við sögu. Tókst mjög vel og allir nemendur stigu á svið, léku og sögðu eitthvað (mis mikið eftir getu og vilja).

Vor-brenna - samþætt verkefni margra námsgreina. Nemendur völdu sér íslenskan varpfugl, plöntu og stað á Íslandi til þess að vinna með á fjölbreyttan hátt. Verkefnið tókst einkar vel og góð tenging við vorkomu og útiveru. Auðvelt var að persónumiða og taka tillit til þess ef nemendur voru fjarverandi, t.d. nokkrir sem fóru í sauðburðarleyfi og tóku það fram í skýrslu um verkefnið (margt sem þar má læra, skoða og sjá).

Náttúruskólinn - ferð sem 4. 5. og 6. bekkur fór í inn að Laugavöllum, skipt í hópa þar sem við fengum fræðslu í skyndihjálpi hjá Þórdísi Kristvinsdóttur, leiðsögn í hleðslu eldstæðis hjá Bjarka Sigurðssyni og frumpjálfun í klettklifri hjá Hildi Bergsdóttur. Afar vel heppnað þrátt fyrir þöku. Grillað og farið í heitu laugarar.

Mývatnsferð - 7. bekkjar

Héraðsleikar – Í Fellaskóla komu allir í 6. og 7. bekk - sem eru allt of margir til þess að jákvæð blöndun eigi sér stað milli skóla. Ef aðalmarkmiðið er að blanda jafnöldrum saman úr mismunandi skólum, þá finnst okkur þetta ekki endilega nást svona þó svo að sumir hitti einhverja sem þeir þekkja af æfingum. Spurning um að endurtaka það sem gert var í Covid takmörkunum þar sem nemendur í Fellaskóla tóku þátt í alls kyns þrautum hér í Fellabæ, skipt í blandaða hópa þar sem unglingarnir voru hópstjórar. Okkur finnst kannski mun meira heillandi að hitta minni skólana - það er því miður sorgleg staðreynd að Eg.skóli með lang mestan fjölda nemenda valdar yfir allt (það voru mjög dónalegir og leiðinda einstaklingar sem áttu ekkert erindi innan um aðra - því miður).

Ekkjufellsgangan – Skemmtilegur lokahníkkur á skólastarfi vetrarins. Gaman að ganga öll saman, líka gaman að fara stundum mismunandi leiðir (eins og í fyrra). Á þessum degi verður oft skemmtileg blöndun milli stiga. Mér finnst símar ekki eiga erindi þennan dag frekar en aðra - eyðilagði mjög fyrir nokkrum og skapaði öfund (þessi mátti, af hverju ekki ég..). Við eigum að njóta með skinfærunum, sem við notum allt of sjaldan óáreitt - safna þannig góðum minningum og myndum í huganum. Kennarar taka myndir – t.d. við Grettistakið.

Hjólbrautadagurinn – Við hjóluðum einn góðviðrisdag í lok maí yfir í Egilsstaði og lékum okkur í Selskógi. Borðuðum ávexti og fórum flugvallaleið um grúsir til baka. Fín ferð og mikilvæg til samveru og heilbrigðrar hreyfingar.

Teymisvinnan

Teymi miðstigs hafði fastan fundartíma á fimmtudögum sem þó var ekki alltaf nýttur sökum anna. Það er ekki oft sem við höfum lausa stund saman en einhvern veginn finnst okkur þetta hafa blessast. Við erum ólík en samt höfum við sameiginlegan þráð sem nærir okkur, náttúra, sagan og útivera.

Við sjáum kosti við teymisvinnu; við eru meira samstíga, deila hugmyndum, tökum öll þátt í sameiginlegum viðfangsefnum og getum rætt og fengið ráð vegna einstakra nemenda. Teymisvinnan ýtir undir fjölbreyttari kennsluhætti þar sem kennarar njóta sín ekki síður en nemendur. Við hefðum viljað hafa sérkennara í teyminu þar sem sumum nemendum reynist betra að fá kennslu í næði, auk þess sem sjónarhorn og sérþekking sérkennarans er afar mikilvægt.

Við á miðstigi höfum æft okkur í því að nota **leiðsögn** í daglegri vinnu með nemendum í anda Leiðsagnarnáms. Við höfum kynnt fyrir nemendum um mikilvægi þess að þjálfa með sér gott hugarfar, bæði í námi og leik. Vísun þá til **vaxandi hugarfars** Leiðsagnarnáms. **Styrkur okkar** teymis er líklega **samræðan** en við höfum lagt mikla áherslu á að nemendur þjálfu með sér virka hlustun og þátttöku í samræðum af ýmsu tagi, t.d. umræða um bók sem við lesum saman, samtal um fréttir líðandi stundar og kynnt nemendum rökræður, skoðanaskipti og gagnrýna hugsun, grunnur að lýðræðislegum samskiptum.

Útinám og Útikennsla:

Útinám og útikennsla má samþætta við flestar námsgreinar með því að finna viðfangsefni sem tengjast íslensku, stærðfræði, tungumál, verk og listgreinar með áherslu á lífsleikni, samfélags- og náttúrugreinar. Greinarmunur er gerður á útinámi og útikennslu.

Útinám

Útivera að lágmarki einu sinni í viku allan veturinn, sama hvernig viðrar. Áhersla á upplifun og munnlega tjáningu, þátttöku og virkni á stað og stund, einstaklingslega og sem hluti af heild. Aldrei krafa um skriflega vinnu eftir að inn í kennslustofu er komið; þannig finna þeir sem lakar standa í bóklegu eða skriflegu námi síður fyrir vanmætti sínum á því sviði og geta notið útinámsins á eigin forsendum.

Viðfangsefni voru m.a. klæðnaður eftir veðri, gönguferðir, frjálsir- og námstengdir-leikir, stjórnun, þátttaka, athuganir, vangaveltur, samræður, eftirtekt með augum og eyrum, sem og tilfinning fyrir stað og stund.

Markmið: að efla með nemendum vitund og virðingu fyrir sjálfum sér, hópnum og umhverfi sínu - samvinnu og samkennd.

Námsmat: Virkni og þátttaka - sjálfsmat, jafningjamat og leiðsagnarmat.

Útikennsla

Útikennsla 2x í viku í 2 kennslustundir í senn á Verndarsvæði eða öðru hentugu kennslusvæði utan dyra. Kennarastýrð og sjálfstæð vinna á stöðvum eða í hringekju. Nemendum skipt í hópa (4-6 í hverjum). Viðfangsefni m.a.

- *Tálg* - umgengni um áhöld, efnivið, grunnaðferðir í tálgun, áhersla á frið og ró (kennarastýrð)
- *Skapandi skrif* - bók með teikningum, orðum, ljóðum eða sögum, samræða (sj.st eða ke.st.)
- *Rannsóknarvinna* - valin rannsóknarefni eftir árstíðum, veðri og vindum (sj.st eða ke.st.). Dæmi um verkefni: skráning á tegnum fugla og atferli þeirra, gróður, mosi, sveppir, trjátegundir, veðrabrigði, skýjafar, skorðdýr o.s.f.v.
- *Námstengdir leikir og þrautir* – tengdir stærðfræði, íslensku og öðrum tungumálum (kennarast).

Stundum má líka hafa uppbrott á þessari vinnu með því að skipta um stöðvar og setja inn frjálsan leik eða kveikja varðeld og grilla brauð á priki, hita kakó eða steikja lummur, svo fátt eitt sé nefnt.

Markmið: að auka veg verklegra tenginga í námi, auka náttúruvitund, heilbrigði og hreysti.

Námsmat: Virkni og þátttaka, verkefni og afrakstur nemenda - kennara, jafningja og nemenda.

Áslaug, Halla og Þórður

Unglingastig, 8. – 10. bekkur

Uppbrotisdagar

Útinám 24.-26. ágúst



Hópefli var í fyrirrúmi þessa daga, gengið yfir í Egilsstaði farið í sund og í Bjarnadalinn þar sem var farið í Ringó og fleiri leiki. Síðan var farið heim til Einars Árna kennara og þar var snætt nesti, Einar og Gulla hans eiga glæsileg grill sem við fengum að nota. Það voru nokkrir drengir sem komu með ljúffengar steikur á grillið sem vakti þeim mikla ánægju. Dagurinn var góður þó menn hafi verið missáttir við að þurfa að ganga alla þessa leið og voru sumir duglegri en aðrir að „húkka“ sér far yfir í skóla. Ljósmyndamaræðing í Fellabæ var partur af þessu hópefli, krakkarnir voru ótrúlega hugmyndaþríkir í þessu verkefni. Krakkarnir voru misdugleg að taka þátt en allir hópar skiluðu góðu dagsverki.

Þann 30. ágúst var gengið í Stóruvörð. Ferðin gekk vel, að sjálfsögðu voru einhverjir sem kvörtuðu og kveinuðu yfir göngunni en það er bara partur af prógramminu. Veðrið var dásamlegt kunnu börnin að meta það og hluti af þeim skelltu sér í sund þegar komið var niður í Stóruvörðina. Börn og kennarar voru sátt í lok ferðarinnar eftir göngu, sund, sólbað og mikið berjaát. Högni kennari og tveir unglingar komu frá Borgarfirði.



Á baráttudegi gegn einelti, þriðjudagur 8. nóvember hittust vinabekkirnir og spiluðu. Þetta var notaleg stund sem börnin áttu saman og höfðu flestir gaman af þvert á stigin. Krakkarnir voru duglegir að kenna hver öðrum spil og sýndu þolinmæði þeim sem voru að læra. Það var í boði að spila borðspil, tefla, félagsvist o.fl. Bekkirnir hittust kl 12:50 – 13:50.

Skíðaferð 8.mars – flott skíðaferð og passlegur tími. Unglingarnir fengu að velja hvort þeir færu í ferðina eða væru í skólanum, langflestir völdu að fara í ferðina. Dagurinn byrjaði vel með fallegu veðri en bruna gaddi (-12°), þegar leið á daginn fór að hvesa og varð mjög blint svo þessi dagur var styttri en við lögðum upp með. Börnin voru sátt með ferðina.



Forvarnadagurinn á vegum Nýungar var haldinn þann 19. maí þar komu saman unglinar í 8.-10. bekk í Múlapingi. Dagurinn hófst á fræðslu frá Vöndu Sigurgeirsdóttur, eiganda KVAN og formanni Knattspyrnusambands Íslands. Hún talaði um mikilvægi sterkra hópa og jákvæðra leiðtoga.

Eftir fræðsluna frá Vöndu skiptust unglingsarnir upp eftir bekkjum og sóttu þrjár ólíkar smiðjur.

Chanel Björk Sturludóttir sá um smiðju um fjölmenningu og rasisma. Í fjölmenningsmiðjunni tók Chanel meðal annars fyrir mikilvægi þess að hafa skilning á grunnhugtökum eins og kynþáttafordómum, menningarfordómum, örಾರೆiti, forréttindum og

fleiru. Þá var spurningum frá unglíngunum svarað og sem tóku virkan þátt í umræðum í smiðjunni.

Samskipti og sjálfsmynd: Fokk me – fokk jú. Þau Kári Sigurðsson og Andrea Marel sáu um fræðslu um sjálfsmynd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna sem ber nafnið Fokk me – fokk jú. Rætt var um þá þætti sem hafa áhrif á mótun sjálfsmyndar á unglingsárunum og mikilvægi virðingar í samskiptum, hvort sem um er að ræða samskipti á netinu eða í eigin persónu. Einnig talað um samþykki og mörk, farið yfir algengar birtingarmyndir neikvæðra samskipta, kynferðislegrar áreitni og ofbeldis á stafrænu formi og bent á leiðir til bregðast við slíku.

Jákvæð skilaboð: Orðasmiðjan. Í Orðasmiðjunni sá Árni Pálsson, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Nýungar, um að styðja unglíngana við að koma jákvæðum skilaboðum niður á blað.

Krakkarnir í 9. og 10. bekk voru til fyrirmyndar og var þessi dagur mjög fræðandi fyrir þau. Sömu sögu er að segja um flest börnin í 8. bekk, hópurinn er fjölbreyttur og þar eru einstaklingar sem eru ekki komin með þroska og/eða hæfni til að meðtaka þetta magn af fræðslu. Það má líka gagnrýna uppsetninguna á deginum þar sem krakkarnir voru á fyrirlesturum allan tímann, það hefði þurft eitthvað uppbrot inn á milli



Ferðir

Þann 26. apríl var lagt í ferðalag í höfuðstað Norðurlands. Megin tilgangur ferðarinnar var að hvetja krakkana sem voru að keppa í Skólahreysti. Ferðin var notuð til að fara í heimsókn í VMA – þar var vel tekið á móti krökkunum og allt tókst mjög vel. Vel skipulagt. Gríðarlega sterkur leikur að bjóða unglíngastíginu norður OG heimsækja VMA. Góð ferð.

Dagana 31. maí til 2. júní var farið í **óbyggðuferð með Náttúruskólanum**. Gengið var frá Óbyggðasetrinu að eyðibýlinu Kleif þar sem hópurinn gisti eina nótt. Þar var bæði kvöldmatur og morgunmatur hitaður á prímus. Áfram var haldið frá Kleif á fimmtudagsmorgni og var gengin 15 km ganga inn í Laugafell. Þar var hópurinn í mat í skála, var farið í heitan pott og gisti í tjöldum. Á föstudag var svo farið litla fossahring, tekið saman tjöld, grillað pylsur og svo farið í leiki áður en heim var haldið seinni part föstudags.

Teymisvinna

Á þessu skólaári voru samráðsfundir á þriðjudögum eftir hádegi en áður voru bæði þriðjudagar og miðvikudagar eftir hádegi fyrir samráð. Samráðstímarnir á þriðjudögum hafa farið mikið undir aðra fundi t.d. foreldrafundi með ALL-teyminu eða barnavernd. Það þarf að bæta þetta og samþætta verkefni meira milli greina. Teymisvinna skilar miklu og víkkar

sjóndeildahring kennaranna þannig að það er af hinu góða að gefa þessu tíma. Kennarar þurfa líka að vera virkir og gera kröfu um að þessi tími sé virtur.

Leiðsagnarnám á unglिंगastigi

Jóhann Örvarsson

Á þessu skólaári var haldið áfram með leiðsagnarnámsvinnu á unglिंगastigi. Það er margt sem við höfum gert til að fylgja viðmiðum leiðsagnarnáms. Þá fyrsta sem má benda á er lotuvinna. Það sem hér er átt við er að nemendur vinna í lotum sem eru 3-6 vikur. Á þessu tímabili þurfa nemendur að vinna ákveðin verkefni sem tengjast hinum ýmsu námsgreinum. Það eru yfirleitt nokkur stærri verkefni undir þar sem nemendur hafa frjálssari hendur varðandi skil. Nemendur hafa t.d. skilað myndböndum, lögum og öðrum óhefðbundnu sem þeir hafa ánægju af.

Loturnar eru hannaðar sameiginlega af unglिंगstigsteyminu og breytt, ef þess er þörf, til að mæta þörfum ákveðinna nemenda. Loturnar hjálpa nemendum að læra skiplagshæfni og auðvelda nemendum að hafa áhrif á sitt nám. Þetta hefur í flestum tilfellum reynst vel þó vissulega finnst undantekningar.

Í tungumálkennslu hef ég reynt að breyta því hvernig mat á getu nemenda fer fram. Ég fylgi verkefnum betur eftir og hef gefið mér meiri tíma til að ræða við nemendur og þeirra námsframvindu. Nemendur hafa betri skilning á því hvar þeir eru staddir og hvað þeir þurfa að bæta. Þetta hefur einnig gefið mér tækifæri til að fylgjast betur með munnlegri færni sem oft vill gleymast þegar kemur að tungumálum. Ég hef einnig verið með opnari verkefni sem gefur nemendum tækfæri til að sýna hvað í þeim býr á óhefðbundin hátt. Þetta hefur reynst vel og hefur mörgum góðum og skemmtilegum verkefnum verið skilað.

Í ár hófum við einnig skipulagðari vinnu með val verkefni. Við ákváðum að hafa valverkefni tvisvar á skólaárinu. Þessi verkefni eru annars vegar fyrir jól og hins vegar við lok skólaárs. Þar hafa nemendur fengið tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Nemendur velja verkefni eftir áhugasviði og vinna einungis að þessu verkefni yfir 1-2 vikur. Nemendur hafa valið margt fjölbreytt og flestir skilað mjög góðri vinnu. Það má mögulega skipleggja þessa vinnu aðeins betur og reyna að virkja betur þá nemendur sem kjósa að gera þetta á sem einfaldastan hátt. Það þar einnig að huga aðeins betur að skipulagi og kenna skýrslugerð betur. Það má einnig skilgreina hlutverk leiðbeinenda aðeins betur og til hvers er ætlast af honum/henni.

Ég býst við að halda áfram leiðsagnarnámsvinnu á næst skólaári og reyna að færa það í fastari skorður. Mat má vera skýrar og nemendur þurfa að skilja betur hvers er ætlast til af þeim. Ég tel þó kostina vera mun fleiri en gallana og hlakka til að halda áfram leiðsagnarnámsvinnu og ég tel að það auki ánægju nemenda.

Einar, Elísabet, Jóhann og Sólrún

Útinám á unglíngastigi veturinn 2022-2023

Ákveðið var í haust að í útinámi yrði unnið með fjölbreytta þætti. Gengið var út frá því að vinna að hópefli, sjálfstæði, náttúruskoðun, kynningar á nærsamfélagi og fleira.

Megináhersla útináms var þó að opna augu nemenda fyrir því að njóta útivistar í öllum veðrum, læra að horfa til veðurs og klæða sig eftir því. Við höfðum til hliðsjónar nokkur atriði úr Aðalnámskrá án þess þó að fara beint eftir þeim. Hæfniviðmiðin eru tekin úr köflunum Samfélagsgreinar og Náttúrufræði.

Aðalnámskrá, samfélagsgreinar:

- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum,
- sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,
- sinnt velferð og hag samferðafólks síns.

Aðalnámskrá, náttúrugreinar:

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því

Við gerðum gróft plan reglulega um það hvað stæði til að gera í útinámi en þurftum þó nokkuð oft að hverfa frá því vegna utanaðkomandi aðstæðna. Við ætluðumst til þess að nemendur mættu alltaf með fatnað til útivistar á þriðjudögum og var allur gangur á því.

Á plani var meðal annars eftirfarandi skipulag:

- Heimsókn á slökkvistöð (Fræðsla)
- Heimsókn til björgunarsveitar (fræðsla)
- Heimsókn til RKÍ (fræðsla)
- Ljósmyndamaðon (samvinna í hópi)
- Fugla- og náttúruskoðanir/áttir og örnefni (nánasta umhverfi nýtt til þess)
- Leikir á vellinum (samvinna í hópi)
- Útivist á Verndarsvæði
- Snjóhúsagerð
- Hjólaferð
- Gönguferðir (reyndi á samvinnu, umburðarlyndi, þrek og úthald)
- Kynning á útivistarbúnaði og -fatnaði
- Hnútar (lærum gagnlega hnúta)

Hvernig fór?

Heilt yfir gekk vel. Nemendur voru yfirleitt jákvæðir og til í hin ýmsu verkefni. Það gildir þó þarna eins og í öðrum fögum, að það er erfitt að gera öllum til hæfis. Nemendahópurinn tók virkan þátt í því sem verið var að vinna með og hafa talað um að þessir tímar hafi verið nauðsynlegir sem uppbrot frá því að sitja í skólastofum, sérstaklega þar sem þau fengu færri íþróttatíma.

Þar sem Fellaskóli er útinámsskóli hvetjum við til þess að áfram verði unnið með útinám á unglíngastigi. Það er gott að breyta til frá „hefðbundnu“ námi auk þess sem við teljum nauðsynlegt að nemendur læri að njóta alls þess sem hægt er að gera utandyra. Læri að bera virðingu fyrir og njóta náttúrunnar og þess sem landið okkar hefur upp á að bjóða.

Ef halda á áfram samstarfi við Náttúruskólann og stefna að svipaðri ferð og farin var í vor, mælum við með því að hluti útináms fari í undirbúning fyrir svona ferð, bæði andlegur og líkamlegur. Þó þarf að endurskoða reynslu af þessari fyrstu ferð sem farin var vorið 2023 og læra af henni það sem betur mátti fara. Mikilvægt er að útinámið fylgi almennum reglum og viðmiðum náms við grunnskóla, sérstaklega er varðar fjárhagsleg útgjöld, sem ekki mega verða óhófleg, né mismuna nemendum eftir efnahag.

Guðný Drífa og Þórður Mar